

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúna til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en $\frac{1}{3}$ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að fráðregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 10. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Gjört að Bessastöðum, 1. júní 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nr. 74.

1. júní 1970.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna erfiðs fjárhags áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins beri brýna nauðsyn til að auka tekjur deildarinnar. Gert hefur verið ráð fyrir því, að tekjur deildarinnar nægðu fyrir útgjöldum hennar, en vegna undanfarinna erfiðleika í sjávarútvegi og nýrra kvaða, er á deildina hafa verið lagðar hefur hún þegar safnað skuldum enda er halli fyrirsjáanlegur að óbreyttu. Bætt afkoma sjávarútvegsins gerir kleift að bæta úr þessu og þarf Verðlagsráð sjávarútvegsins að gera ráð fyrir þessari hækkun við ákvörðun lágmarksverðs ferskfisks, er gildi frá 1. júní til 31. desember 1970.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað „1%“ í 3. gr. laga nr. 74 28. maí 1969 um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 16. gr. þeirra laga, komi: 1.5%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 1. júní 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.